

Siemens iQ700 ofn

289.950 kr.



Þessi Siemens ofn er hluti af 2023 IQ700 topplínunni með dökku stáli og svörtu gleri. Ofninn er búinn TFT litasnertiskjá, activeClean Pyrolyse brennslusjálfhreinsbúnaði, ljúflokun og byltingarkenndum 4D hot air Plus blástursofni. Fullkominn kjöthitamælir og HomeConnect WiFi tenging er möguleg með sérstöku appi frá Siemens.

4D Heitur blástur

Fullkominn jafn bakstur á allt að fjórum hæðum á sama tíma. 4D hotAir kerfið er nýstárleg hönnun sem setur hitann af stað á hraðvirkan og kraftmikinn hátt þannig að ofninn hitnar á skotstundu. Viftan snýst í báðar áttir sem veitir jafnan og fullkominn hita hvar sem er í ofninum

Fullkomin sjálfvirkni

Hefurðu áhyggjur af því að ofelda matinn þinn? Sjálfvirk bökunar- og steikingarkerfi í ofninum tryggja fullkomna eldun. Veldu upphalds réttinn þinn með skýrum TFT snertiskjábanum og skynjarar ofnsins stjórna ferlinu. Veldu niðurstöðu úr ýmsum tillögum sem henta þínum óskum eða tíma. Ofninn notar sjálfkrafa réttar stillingar og aðgerðir og slekkur á sér þegar rétturinn er tilbúinn, svo þú getur slakað á, á meðan ofninn sér um eldamenskuna. **Home Connect**

Njóttu fullrar stjórnunar á ofninum þínum. Viltu opna alla möguleika ofnsins þíns? Tengdu einfaldlega ofninn þinn við Home Connect appið til að stjórna honum hvar sem er – líka með raddstýringu Amazon Alexa eða Google Assist. Kveiktu og slökktu á eldunarkerfinu, breyttu stillingum og stjórnaðu upphalds stillingum – án þess að vera í eldhúsinu.

Stillingar eru samstilltar á milli appsins og ofnsins og þú munt fá tilkynningar þegar kerfi er lokið.

Voice control

Þú ert ekki viss um hvaða eldunarkerfi hentar hvaða rétti? Segðu ofninum þínum í gegnum Amazon Alexa raddstýringartækið hvaða rétt þú vilt elda. Eða að öðrum kosti í gegnum Home Connect appið. Hjálparkokkurinn mun þá stinga upp á viðeigandi hitastigum eða eldunarkerfum og skipta beint yfir - flýtleið sem sparar þér tíma.

HumidCleanPlus

Bættu dropa af þvottaefni í 400 ml af vatni. Hellið þessari skollaun á miðjuna á köldu ofngólfínu. Stilltu einfaldlega á humidClean Plus hreinsunarkerfið og láttu ofninn sjá um restina. Um leið og prógramminu er lokið geturðu auðveldlega fjarlægð óhreinindin sem hafa mýkst af gufunni með rökum klút.

Snertiskjár

Notendavæn valmynd, TFT-Touchdisplay Plus litaskjár með góðri birtu.

Einfalt stjórnborð gerir notkun í gegnum víðtæka valmyndina þægilega og skilvirka.

VarioClip Plus

Útdraganlegar VarioClip Plus brautir fylgja ofninum og gera eldamenskuna þægilegri. Brautirnar getur þú svo sett hvar sem þér hentar í ofninn, eða jafnvel keypt auka brautir ef þú vilt hafa þær fleiri. Séu brautirnar dregnar út að fullu er minni hætta á því að brenna hendurnar á heitum ofninum og þægilegt ef eiga þarf að við matinn í miðri eldun.

?Það helsta:

- activeClean - með þremur hreinsikerfum. ofninn læsist og brennir upp til agna alla fitu og óhreinindi við 500°C. Plötuberar, ofnskúffa og bökunarplata þola hreinsikerfið
- TFT lita snertiskjár með skilmerkilegu aðgerðarvali, myndum og auðsjáanlegur frá öllum hliðum.
- 4D hotAir Plus heitur blástur - Blástursviftan tryggir jafna dreifingu á blæstri í ofninum í bæði bakstri og steikingu,

- 71 lítra ofn (nettó) - 31% stærri en hefðbundinn ofn
- Orkuflokkur A+
- Innbyggingarmál 59 x 56 x 55 cm
- Utanmál HxBxD: 59,5 x 59,5 x 54,8

Rafha

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík

Sími: 588-0500

rafha@rafha.is

www.rafha.is